

Åskorun!

100

Åskorun!

500

200


Åskorun!

Åskorun!

400

Åskorun!

300





500 mínútna sumarlestraráskorun - þorir þú?!



Kæri bókabéus!

(Það þýðir lestrarhestur.)

Ef þú ert að lesa þennan texta má gera ráð fyrir að þú ætlir að taka þátt í **500 mínútna sumarlestraráskoruninni**. Vel gert!

Þetta er nú einfalt. Þú lest í 10 mínútur og litar yfir einn reit í orminum þegar þú ert búin/n. Talan í reitnum segir þér hvaða lit þú átt að nota. Þú getur svo litað annað á myndinni alveg eins og þér sýnist og þá verður komin falleg mynd þegar þú hefur lokið við áskorunina. Ekki lita samt allt í einu þótt það sé gaman!

Eftir hverjar 100 mínútur nærðu sérstökum áfanga og þá er nú tilefni til að gera eitthvað skemmtilegt! Ef þú ert svo í stuði getur þú líka valið þér áskorun sem þér líst vel á og þá er kannski hægt að gera eitthvað alveg sérstakt þegar næsta áfanga er náð! Þitt er valið!

Aðalatriðið er eiga skemmtilega stund við bókalestur og verða fróðari og fróðari og fróðari og fróðari og ...

Litakóði

1	2	3
4	5	6
7	8	9
10	11	12



Nokkrar góðar hugmyndir þegar áfanga er náð!

- Fjölskyldan gistir saman í stofunni
- Lestrarhesturinn fær að velja eftirrétt á virkum degi
- Fjölskyldan fer saman á ísrúnt (í náttfötunum)
- Spilakvöld og snakk
- Spurningakeppni – allir búa til fimm spurningar
- Að horfa saman á mynd með íslenskum texta
- Fara í fjölskyldukvöldgöngu kl. 22.00 (með nesti?)
- Föndra bókamerki – fullt af hugmyndum á Pinterest!

Sérstök skilaboð til fullorðinna!

Kæra fullorðna manneskja! Þar sem barnið þitt ætlar augljóslega að taka þátt í **500 mínútna sumarlestraráskoruninni** er gott fyrir þig að hafa eftirfarandi í huga:

1. Fullorðnir eru fyrirmyndir – láttu barnið þitt sjá þig lesa.
2. Hvatning til lestrar er mjög mikilvæg.
3. Fylgstu vel með hvernig gengur.
4. Spurðu barnið um hvað það er að lesa.
5. Líttill áhugi? Skiptist á að lesa, barnið fyrst svo þú.
6. Bíðið spennt eftir því að áfangi náist og fagnið um leið og honum er náð.

Áskoranir fyrir alvöru bókabéusa!

Veldu og merktu við:

- Lærðu fimm ný orð
- Heimsæktu nýtt bókasafn
- Lestu upphátt fyrir einhvern
- Mæltu með bók í sms skilaboðum
- Hannaðu teiknimyndapersónu
- Búðu til fimm spurningar úr bók
- Taktu upp og hlustaðu á eigin lestur
- Búðu til bókamerki
- Lestu blaðagrein fyrir krakka
- Uppáhaldsbækur? – gerðu lista

